

stefnanda alls kr. 118.520.12 ásamt vöxtum, sem ákveðast 7% p. a. frá þeim degi, sem krafizt er, til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 18.000.00, þar í innifalin gjafsóknarlaun skipaðs lögmanns stefnanda, kr. 13.000.00. Af tildæmdum málskostnaði er ríkissjóður ábyrgur fyrir greiðslu á allt að kr. 10.000.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómendum Viggó E. Maack skipaverkfræðingi og Jóni Sigurðssyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Skipaútgærð ríkisins, greiði stefnanda, Ingibjörgu Jónasdóttur, kr. 118.520.12 með 7% ársvöxtum frá 10. febrúar 1962 til greiðsludags og kr. 18.000.00 í málskostnað, þar í innifalin gjafsóknarlaun skipaðs lögmanns stefnanda, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 13.000.00.

Af tildæmdum málskostnaði er ríkissjóður ábyrgur fyrir greiðslu á allt að kr. 10.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 18. nóvember 1965.

Nr. 135/1964. **Gústaf A. Sveinsson f. h. Gerhards Eggerz**
(Gústaf A. Sveinsson hrl.)

gegn

Magnúsi Einarssyni

(Guðlaugur Einarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Um fyrningu. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. ágúst 1964. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir fógeta að

framkvæma fjárnám það, sem um er beðið. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með dómi bæjarþings Hafnarfjarðar 13. maí 1952 var stefnda, Magnúsi Einarssyni, dæmt að greiða áfrýjanda, Gerhard Eggerz, kr. 16.201.67 ásamt 6% ársvöxtum frá 16. janúar 1951 til greiðsludags og kr. 2.500.00 í málskostnað.

Í bréfi til yfirborgarfégetans í Reykjavík, dags. 30. janúar 1964, æskti Gústaf A. Sveinsson hæstaréttarlögmaður f. h. Gerhards Eggerz, að gert yrði fjárnám samkvæmt dóminum í eignum stefnda „til tryggingar dómskulddinni, kr. 16.201.67, með 6% ársvöxtum frá 16. jan. 1951 til greiðsludags og kr. 2.500.00 í málskostnað, allt að frádregnum kr. 2.550.00, sem goldið hafa upp í skuldina, svo og til tryggingar kostnaði öllum, áföllnum og áfallandi, þar á meðal kostnaði öllum við fjárnámsgerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur“.

Fjárnámsbeiðnin var tekin fyrir í fégetadómi Reykjavíkur hinn 3. júlí 1964. Var þá liðinn sá 10 ára fyrningartími á dómkröfum, sem ákveðinn er í 4. gr. fyrningarlaga nr. 14/1905. Krafa stefnda um, að synjað verði um fjárnám, er á því reist, að kröfur samkvæmt dóminum séu fyrndar. Er þá athugunarefni, hvort leidd séu í ljós atvik, sem varnað hafi fyrningu, en dómar eru aðfararheimild, meðan krafa samkvæmt þeim er ófyrnd.

Hinn 8. október 1957 fékk Gústaf A. Sveinsson í hendur skriflega yfirlýsingu frá stefnda og undirritaða af honum, dags. 8. september s. á. Er fyrri hluti yfirlýsingarinnar, sem hér skiptir máli, á þessa leið:

„Staðfesting á greiðsluloforði Magnúsar Einarssonar Barmahlið 33 Rv. til hr. hrl. Gústafs A. Sveinssonar, Rv. vegna innheimtu á dómskuld frá 13. maí 1952 í málinu: Gerhard Eggerz gegn Magnúsi Einarssyni.

Jeg undirritaður staðfesti hér með samkvæmt munnlegu loforði við hrl. Gústaf A. Sveinsson þann 7. þ. m., að ljúka

greiðslu á framanskráðri dómskuld með 50% af hinni upprunalegu upphæð, sem var kr. 16.201.67, eða með kr. 8.100.83 — átta þúsund og eitt hundrað krónum 83/100, auk dæmds málskostnaðar, kr. 2.550.00, og 6% vaxta af kr. 8.100.83 frá 16. jan. 1951 til greiðsludags“.

Af hendi áfrýjanda er því haldið fram, að stefndi hafi með framangreindri skuldaryfirlýsingu viðurkennt dómskuldina í heild, og hafi því nýr 10 ára fyrningarfrestur hafizt frá 8. október 1957 samkvæmt 6. gr. laga nr. 14/1905. Ekki þykir þó með vissu verða ráðið af yfirlýsingunni, að stefndi hafi með henni viðurkennt í merkingu nefndrar 6. gr. annað né meira af dómskuldinni en þær fjárhæðir, sem hann lofar að greiða. Og þar sem viðurkenning á dómskuldum getur varnað fyrningu samkvæmt ákvæðum 6. gr., ber að telja, að nýr 10 ára fyrningarfrestur hafi hafizt hinn 8. október 1957, að því er tekur til kr. 8.100.83 af höfuðstól dómskuldarinnar, dæmds málskostnaðar í hér-aði, kr. 2.500.00, svo og 6% ársvaxta af kr. 8.100.83 frá 16. janúar 1951 til 8. september 1957, þegar greiðslu þeirra var lofað í skuldabréfi, eftir að þeir voru fallnir í gjalddaga, sbr. niðurlagsákvæði 6. gr. laga nr. 14/1905 og 2. másl. 1. tölul. 4. gr. sömu laga.

Í málflutningi af hálfu áfrýjanda hefur því verið lýst, að stefndi hafi hinn 30. júlí 1959 greitt Gústaf A. Sveinsyni kr. 2.550.00 upp í dómskuldina. Telur áfrýjandi, að meta beri þá greiðslu viðurkenningu á dómskuldinni í heild. Stefndi hefur mótmælt því, að hann hafi innt greiðslu þessa af hendi, og þar sem ekki eru sönnur á það færðar, kemur ekki til álita, hvort slík greiðsla kynni að hafa rift fyrningu. Réttargerð til innheimtu dómskuldarinnar hófst hinn 3. júlí 1964, og eru því ófyrndir vextir, sem á féllu síðustu 4 árin þar á undan, þ. e. frá 3. júlí 1960 samkvæmt 2. másl. 1. tölul. 4. gr., sbr. 3. gr. laganna. Hins vegar ber að telja þá vexti fyrnda, sem á féllu á tímabilinu frá 8. september 1957 til 3. júlí 1960.

Í kröfugerð sinni krefst áfrýjandi fjárnáms fyrir dómskuldinni í heild, að frádreginni greiðslu þeirri, kr. 2.550.00,

er hann kveður stefnda hafa lukt hinn 30. júlí 1959. Þann dag var enginn hluti dómskuldarinnar fyrndur, og er áfrýjanda rétt samkvæmt almennum reglum um greiðslur að telja greinda fjárhæð sem borgun upp í þann hluta dómskuldarinnar, sem nú er fyrndur.

Niðurstaða málsins verður sú, að heimilað verður fjárnám til tryggingar greiðslu á fjárhæðum þeim, sem ófyrndar eru samkvæmt því, er að framan segir. Rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Framkvæma skal fjárnám eftir kröfu áfrýjanda, Gústafs A. Sveinssonar f. h. Gerhards Eggerz, í eignum stefnda, Magnúsar Einarssonar, til tryggingar greiðslu á kr. 8.100.83 ásamt 6% ársvöxtum frá 16. janúar 1951 til 8. september 1957 og frá 3. júlí 1960 til greiðsludags, málskostnaði í héraði, kr. 2.500.00, og svo kostnaði við fjárnám og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 15. ágúst 1964.

Gerðarbeiðandi, Gerhard Eggerz, nú búsettur í Ástralíu, hefur krafizt þess, að fram fari fjárnám í eignum gerðarþola, Magnúsar Einarssonar, Hátúni 8, hér í borg, til tryggingar skuld samkvæmt dómi bæjarþings Hafnarfjarðar, kr. 16.201.67, ásamt 6% ársvöxtum frá 16. janúar 1951 til greiðsludags og kr. 2.500.00 í málskostnað, einnig til tryggingar kostnaði við fjárnámsgerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, en að frádregnum kr. 2.550.00.

Gerðarþoli hefur krafizt þess, að synjaði verði um hina umbeðnu fjárnámsgerð og að gerðarbeiðanda verði gert að borga málskostnað.

Mál þetta var tekið til úrskurðar, að loknum munnlegum flutningi, sem fram fór hinn 31. júlí s.l.

Fyrir liggur í máli þessu sem rskj. nr. 2 endurrit af dómi bæjarþings Hafnarfjarðar í málinu: Gerhard Eggerz gegn Magnúsi Einarssyni. Er dómur þessi kveðinn upp 13. maí 1952. Dómsendurritinu fylgir greiðsluáskorun, dagsett 23. janúar 1964 og undirrituð af Hauki Bjarnasyni v/Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns. Þar er skorað á gerðarþola að borga kr. 16.201.67 með 6% ársvöxtum frá 16. janúar 1951 til greiðsludags og kr. 2.500.00 í málskostnað, en að frádregnum kr. 2.550.00, sem greiddar hafi verið upp í dóminn 30. júlí 1959. Greiðslufrestur er settur til 4. febrúar s.l., ella muni fjárnáms verða krafizt. Greiðsluáskorun þessi og dómur eru birt fyrir gerðarþola sjálfum á heimili hans af stefnuvottum hinn 25. janúar 1964.

Gústaf A. Sveinsson hæstaréttarlögmaður krefst fjárnáms með bréfi til fógeta, dagsettu 30. janúar 1964, sbr. ítrekun á sama bréfi hinn 27. febrúar 1964. Sjá rskj. nr. 1 og nr. 5. Vísar hann til endurrits dómsins á rskj. nr. 2.

Gerðarbeiðandi tekur fram, að samkvæmt lögum um fyrningu nr. 14 frá 1905 mætti út af fyrir sig ætla, að skuld þessi sé nú fyrnd, þar eð dómur hafi gengið á árinu 1952. Þessu sé nú samt ekki þannig farið, og er hér vísað til þess, að bæði hafi gerðarþoli kannazt við skuldina með greiðslutilboði sínu, útgefnu 8. september 1957, sjá rskj. nr. 6, og með því að greiða kr. 2.550.00 upp í dómkröfurnar hinn 30. júlí 1959.

Í málinu liggur fyrir sem rskj. 6 yfirlýsing gerðarþola, Magnúsar Einarssonar, dagsett 8. september 1957. Þar segist gerðarþoli staðfesta greiðsluloforð sitt til hæstaréttarlögmanns Gústafs A. Sveinssonar vegna innheimtu á dómskuld frá 13. maí 1952 í málinu: Gerhard Eggerz gegn Magnúsi Einarssyni. Staðfestir gerðarþoli þar að ljúka innan þriggja mánaða greiðslu á þessari dómskuld með 50% af hinni upphaflegu upphæð, kr. 16.201.67, auk dæmds málskostnaðar, kr. 2.550.00, og 6% ársvaxta af kr. 8.100.83 frá 16/1 1951 til greiðsludags. Gerðarþoli segir í yfirlýsingunni, að með fylgi tryggingarvixill, hljóðandi um dansk- ar krónur 5.058.75, og annar tryggingarvixill vegna málskostnaðar, kr. 2.550.00. Gústaf A. Sveinsson hefur hinn 8. október 1957 ritað á skjal þetta viðurkenningu fyrir móttöku samhljóða skjals svo og tryggingarvixla, og lofar að bera málefni þetta fram við skuldareiganda án skuldbindingar fyrir sig og hann, meðan það verði ekki berum orðum samþykkt.

Því er haldið fram af gerðarbeiðanda hálfu, að með útgáfu þessarar yfirlýsingar og með greiðslu þeirri, sem samkvæmt bók-

um málflutningsskrifstofu Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns hafi fram farið 30. júlí 1959, hafi fyrningu verið slitið og nýr fyrningarfrestur samkvæmt fjórðu grein laga nr. 14/1905 hafið göngu sína. Ekki sé hér heldur um það að ræða, að aðfararréttur, sem lög 19/1887 áskilji dómkröfum, sé fallinn úr gildi. Ljóst sé eftir 1. grein fyrningarlaga, að þau taki ekki til annarra réttinda en kröfuréttinda, og megi hér um vísa til greinargerðar fyrir frumvarpi til laganna. Þannig fyrnist aðfararrétturinn ekki sjálfstætt, heldur fylgi kröfunni, sem dómur hafi um gengið, og sæti sömu afdrifum og hún.

Gerðarþoli hefur haldið því fram, að fjárnámskrafa þessi sé fyrnd, hvernig svo sem á hana sé litið. Því er fyrst og fremst mótmælt, að í greiðslutilboði gerðarþola 8. september 1957 felist viðurkenning á dómskuldinni. Þar hafi verið lofað að borga allt aðra skuld, og hafi verið um að ræða nýtt loforð, sem að auki hafi verið beint til Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, sem enga heimild hafi haft til að ráðstafa kröfu gerðarbeiðanda á neinn veg. Raunar hafi Gústaf heldur ekki gengið að þessu tilboði. Þá er því og mótmælt, að gerðarþoli hafi borgað upp í skuldina. Og þó svo hefði verið, eins og gerðarbeiðandi vill vera láta, að gerðarþoli hefði borgað málskostnaðinn, þá sé málskostnaðarskuld ekki í þeim tengslum við höfuðstól, að greiðsla hans feli í sér viðurkenningu á skuldinni né slíti fyrningu í skilningi laga.

Í 4. grein laga nr. 14/1905 segir, að á 10 árum fyrnist kröfur samkvæmt skuldabréfi, dómi eða opinberri sátt, er ekki falli undir ákvæði 2. greinar. Í máli þessu er um að ræða dómskuld, og er dómur kveðinn upp 13. maí 1952, og hefur ekki, svo séð verði, verið reynt að innheimta dómskuldina, fyrr en greiðsluáskorun var birt og fjárnáms krafizt í byrjun þessa árs.

Nú hefur gerðarbeiðandi haldið því fram, að fyrningu þeirri, sem samkvæmt þessari grein hefði fellt kröfu þessa úr gildi, hafi verið slitið með viðurkenningu gerðarþola á kröfunni, og vísar gerðarbeiðandi hér til 6. greinar laganna, þar sem segir í fyrri málsgrein, að ef skuldari viðurkenni skuld sína við kröfuhafa berum orðum eða á annan hátt, hefjist nýr fyrningarfrestur frá viðurkenningardegi.

Á þessa skoðun gerðarbeiðanda verður ekki fallizt, eins og hagar til í máli þessu. Í 2. málsgrein 6. greinar segir, að hafi skuldabréf verið gefið út eða dómur gengið eða sætt verið gerð um kröfuna, þá fyrnist krafan eftir ákvæðum 4. greinar.

Virðist hér ekki verða komizt hjá að álykta, að fyrri máls- grein 6. greinar eigi einvörðungu við þær kröfur, sem dómur hafi ekki gengið um, og að aðeins, að því er þeim kröfum við- vikur, megi slíta fyrningu með þar greindum athöfnum, en um hinar dæmdu kröfur eigi þessi regla ekki við, þannig að viður- kenning eða eftir atvikum greiðsla hafi engin áhrif til fyrn- ingarslita.

Í samræmi við framanritað þykir verða að synja um fjár- nám samkvæmt dómi þeim, sem liggur fyrir í máli þessu.

Rétt þykir, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer ekki fram.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 26. nóvember 1965.

Nr. 130/1965. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Sigurði Kristjáni Kristinssyni

(Ingi R. Helgason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Eins og sakavottorð ákærða ber með sér og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, var ákærði í sakadómi Reykjavíkur hinn 28. júlí 1964 dæmdur í 6 mánaða fangelsi fyrir skjala- fals, en brot þetta framdi hann hinn 30. desember 1961. Refsingu ákærða fyrir brot það, sem hann nú er saksóttur fyrir, ber því að ákveða með hliðsjón af 1. mgr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.